

**Sp.**

**985. Breytingartillaga**

við till. til þál. um fyrirgreiðslu til eigenda svonefndra Svíþjóðarbáta.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að svonefndir Svíþjóðarbátar fái haffærisskirteini með undanþágu í samræmi við 20. gr. laga nr. 78 11. júní 1938.

Einnig felur Alþingi ríkisstjórninni að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hve miklu eigendur nefndra báta hafa kostað til breytinga á þeim eftir kröfum íslenzku skipaskoðunarinnar, og hvort og að hve miklu leyti sanngjarnt er, að ríkissjóður taki þátt í þeim kostnaði.